

Í fylgsnum hjartans

Frímúrarareglan er ein margra dulspekireglna sem eru samofnar sögu mannkyns og ná rætur þeirra margar aldir aftur í tímann. Með hugtakinu „dulspeki“ (e. esotericism) er átt við hefð eða kenningakerfi sem er að einhverju leiti hulið, oft birt með táknnum og þarfnast talsverðrar kunnáttu, færni og þjálfunar til að skilja að fullu.

Upphaf þeirra kenninga og hefðar sem margar dulspekireglur byggja á má rekja hátt í fimm þúsund ár aftur í tímann í Ísis-menningu forn-Egypta, en til hennar er oft vísað sem vöggu dulspekinnar, og þaðan liggja þræðir m.a. í gegnum arfleifð Hermesar, skóla Pýþagorasar sem uppi var um 500 f.kr., riddarareglur á öldum eftir Krist og seinni tíma dulspekiskóla sem fengust við stjörnuspeki, stærðfræði og gullgerðarlist svo dæmi séu tekin.

Ef við færum okkur nær í tíma má sjá þess merki á miðöldum að dulspekin verður víða útbreidd. Fræði Hermesar voru endurvakin og svokölluð gullgerðarlist (e. alchemy) blómstraði ásamt stjörnuspeki og ýmsum eldri fræðum eins og Kappalah. Í þessum jarðvegi voru riddarareglur stofnaðar og síðar rósarkrossreglan og frímúrarareglan. Eftir Manly P. Hall, kanadíska guðspeking og frímúrara, liggja margar bækur um dulspeki og fornar hefðir. Hann rekur þessa þróun vel í nokkrum rita sinna, m.a. í sinni þekktustu bók *The Secret Teachings of All Ages*.

Hinar svokölluðum riddarareglur komu fram á fyrstu öldum eftir kristsburð. Meðlimir þeirra voru sérstaklega vígðir inn í reglurnar sem notuðu ýmis tákn, vígsluathafnir og leyniorð í starfsemi sinni. Algengast var að vígslur þeirra væru þrjár: riddarasveinn, skjaldsveinn og riddaravígsla, en í sumum þeirra voru allt að 33 stig (Hall, 2013). Meðal reglna sem þekktar eru í dag eru Regla Musterisriddara og Mölturiddara, báðar stofnaðar snemma á 12. öld og Riddarar hringborðsins. Í reglunum var áhersla á líf í þjónustu fyrir málstaðinn og fágun eiginleika sem í stuttu máli má kenna við riddaramennsku og bræðra-systralag s.s. vináttu, hollustu og óeigingirni.

Þegar horft er til hinna fornu launhelga, og þar á meðal guðspekinnar, er það viðhorf ríkjandi að launhelgarnar séu eins og rauður þráður í gegnum aldirnar og hin ýmsu samfélög, og myndi kjarnann í helstu trúarbrögðum heims. Í öllum samfélögum á öllum tímum hafa spámenn og vitrar manneskjur meðtekið leyndardómar lífsins. Þeir hafa verið opinberaðir innvígðum, hinum hjartahreinu sem komu þessari vísu á framfæri við mannkynið ýmist í gegnum lokaðar dulspekireglur eða hin ýmsu trúarbrögðum.

Helsta viðfangsefni dulspekinnar er þroski manneskjunnar frá vöggu til grafar auk þess sem leitað er að tilgangi jarðvistanna og framþróun alls lífs.

Nú á dögum búum við almennt ekki lengur yfir handleiðslu innvígðra sem uppljóma nemendur sína og ljúka upp dyrum launhelganna fyrir vígsluþegum. Í dag er það hlutverk okkar sjálfrá sem leitum sannleikans að finna leiðina sem afhjúpar leyndardómana, launhelgar sem finnast í hjarta hverrar manneskju. Því verður hin ytri ganga manneskjunnar, sem áður var undir handleiðslu fullnuma, að innri leit einstaklingsins. Leit sem hefst í **fylgsnum hjartans**.

Við andlega iðkun getum við orðið okkur úti um verkfæri ýmis konar sem flýta för okkar, sé ástundun og vilji til staðar. Við lærum um mikilvægi þess að hreinsa persónuleika okkar, hina þreföldu birtingu því maðurinn birtist ekki aðeins í líkama sínum og breytni heldur einnig í hugsunum sínum og tilfinningum.“

Við þurfum sem sagt að viðhafa hreinleika í gjörðum með því að breyta rétt og framkvæma af kærleika og góðvild í þjónustu fyrir heildina; hreinleika í hugsunum með því að viðhafa jákvæðar hugsanir; og hreinleika í tilfinningum með því að umbreyta neikvæðum tilfinningum eins og reiði og hatri í ást og umburðarlyndi. Þannig mótum við persónuleikann sem smátt og smátt umbreytist við ávinnslu dyggða. Því eins og áður sagði, með hreint hjarta erum við verðug þess að leyndardómarnir séu opinberaðir. Hin innri leit felst í vegferð sem ekki er gengin á einum degi. Í hjartanu er tenging við sálina og þar finnum við svörin.

Þroskastig manneskju má lesa í orkustöðvum hennar og áru. Meginorku-stöðvarnar eru sjö: rótarstöðin neðst, þá kviðarholstöðin, sólar plexus, hjartastöðin, hálsstöðin, þriðja augað og loks hvirfilsstöðin ofan á hvirflinum.

Í byrjun þroskagöngu sinnar er manneskjan innstillt í lægri orkustöðvunum þar sem hvatir hennar til að lifa af, fjölga sér og byggja upp egóið eru í fyrirrúmi. Í gegnum ótal líf er manneskjan að læra af reynslu sinni í jarðheimi og byggir smátt og smátt upp hæfni og hæfileika, langanir, hvatir, hugsana- og tilfinningamynstur, með öðrum orðum sjálfstæðan persónuleika sem til að byrja með tekur einkum mið af hennar eigin þörfum. Smátt og smátt vex persónuleiki manneskjunnar af krafti og hæfileikum. Hann öðlast marga jákvæða eiginleika en líka eins konar skuggasjál sem á síðara þroskastigi þarf að yfirvinna sé það vilji einstaklingsins að hreinsa hjarta sitt.

Nú á tímum eru efri orkustöðvarnar að vakna og orðnar virkar sem sýnir sig í örum þroska hugvits á liðnum árhundruðum. En hjartastöðin hefur setið eftir og fyrir því eru margar ástæður. Hjartastöðin er viðkvæmt líffæri sem varðveitir ekki bara okkar innsta kjarna, launhelgarnar heldur geymir hún einnig minningarnar, sorgina og sársaukann, sektarkennd og skömm sem hleðst utan á hana og gerir okkur erfitt um vik að leita inn á við. Jarðnesk tilvera er þyrnum stráð og það krefst hugrekki að vinna með sjálfa/n sig, hverfa inn á við, týna burt þyrnana og leita ljóssins sem býr í hjarta hverrar manneskju. Hugrekkið, sem riddarar hinna fornu reglga lögðu svo mikið upp úr, er ein af dyggðunum og forsenda þess að við hefjum leitina inn á við.

Það eru ekki svo margir einstaklingar sem hafa náð því takmarki að birta sál sína og eiginleika hennar í persónuleika sínum. En þangað stefnum við, að verða fullnumar. Þetta er inntak andlegs þroska að geta smátt og smátt yfirunnið lægra eðlið og opnað vitundarbrúna, antahkarana, frá hjarta til sálar og við það sameinast guðdómlegri meðvitund. Þroskuð manneskja hefur á að skipa visku, kærleika, gleði, samúð og góðvild því smátt og smátt tekst sál hennar að birta eiginleika sína í persónuleikanum sem af hugrekki hefur unnið sig í gegnum þyrnana og opnað fyrir ljósi sálarinnar. Til að byrja með sýnir sálin sig í minna mæli og aðeins á góðum stundum en eftir því sem á líður styrkist farvegurinn milli persónuleika og sálar og eiginleikar sálarinnar taka yfir. Þessa eiginleika sjáum við m.a. í dýrlingum aldanna og nægir þar að nefna Móður Teresu sem dæmi.

Hin mikla áskorun sem mannkynið stendur nú frammi fyrir er að vakna til vitundar um þennan innsta kjarna sinn, hjartastöðina og ljósið sem þar býr. Hættan er eins og fram hefur komið að manneskjan loki hjartastöðinni og þroski vitund sína þannig að orkan sem stígur upp frá

rótarstöðinni með auknum þroska fari fram hjá hjartanu og upp í efri orkustöðvarnar líkt og verið hefur. Þetta endurspeglast í örri framþróun hugvits á kostnað hjartans, framþróun tækni með ofnýtingu auðlinda jarðar á kostnað náttúru, dýra- og mannlífs. Við stöndum á tímamótum og nú þarf að snúa blaðinu við. Hjartastöðin og þau gildi sem hún býr yfir vegna tengingar við launhelgarnar, við sálina þarf að vera með í þroska manneskjunnar og ná jafnvægi til móts við hugann sem svo miklu hefur ráðið fram að þessu og leitt mannkynið fram á brún hengiflugsins.

Höfundur: Eldey Huld Jónsdóttir
www.avalon.is

Heimildir:

Hall, M. P. (2003). *The Secret Teaching of All Ages*. Tarcher/Penguin.

Hall, M. P. (2013). *The Adepts In the Western Esoteric Tradition*. Martino Publishing.

Erindið var flutt 25. september 2023 í stúkunni Sindra í Alþjóða Samfrímúrarareglunni Le Droit Humain – þessi útgáfa er stytt lítillega.

Hvers konar eftirprentun eða afritun þessa erindis er óheimil án skriflegs leyfis höfundar.